



Íslenska Járblendifélagið að Grundartanga

Almenna verkfræðistofan hefur undanfarið unnið að gerð ástandsmats og viðhaldsáætlunar fyrir eldri mannvirki Íslenska Járblendifélagsins að Grundartanga, þ.e. öll mannvirki nema þær nýbyggingar sem reistar hafa verið undanfarið vegna stækkunar verk-smiðjunnar. Einn starfsmaður AV hefur verið staðsettur á Grundartanga um nokkurn tíma og hefur umsjón og eftirlit með þeim viðhaldsframkvæmdum sem nú eru í gangi ásamt því að setja af stað nýjar framkvæmdir. Verkefnið er umfangsmikið en margar stórar byggingar og mannvirki eru á svæðinu. Yfirleitt er um að ræða stálgrindarhús sem klædd eru með málmklæðningu, einnig steipt mannvirki. Víða þarf að endurnýja klæðningu vegna tæringar og sums staðar hefur verið ráðist í sandblástur á stálgrind húsa. Aðstæður að Grundartanga eru með því erfiðari sem gerast með tilliti til tæringar. Nálægð við sjó og iðnaðarumhverfi eru hlutir sem fara illa með öll mannvirki. Mikilvægt er því að velja rétta klæðningu og rétta tæringarvörn á hana.

AV kemur einnig að hönnun og ráðgjöf, enda ávallt einhverjar framkvæmdir í gangi á Grundartanga.

Núna er verið að vinna við að sandblása, grunna, mála og lakka allt stálvirki í um 5000m² stórri skemmu, hráefnisgeymslunni. Endurnýja á allt stál á þaki þess húss í framhaldinu.


Mikil uppbygging er á döfinni að Grundartanga, hafnarframkvæmdir, húsbyggingar og vegafarmkvæmdir. Það er því við hæfi að Járblendiverksmiðjan sýni sig frá sínum bestu hliðum til að taka vel á móti nýjum nágrönnum.



Séð yfir veituvæðið, vesturkvísl Skaftár í forgrunni, Tungnaárfjöll í bakgrunni

Veita vesturkvísla Skaftár í Tungnaá án Langasjóar

Landsvirkjun hefur falið Almennu verkfræðistofunni að frumhanna veitu vesturkvísla Skaftár í Tungnaá án þess að vatnið hafi viðkomu í Langasjó. Verkefnið er í tengslum við Rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma. Hugmyndin er að veita vatninu um jarðgöng gegnum Tungnaárfjöll norður fyrir Langasjó. Vesturkvíslar Skaftár verða að öllum líkindum stíflaðar austan við Fögrufjöll við Beinahorn. Í desember 2004 lauk AV við að verkanna veitu Skaftár til Tungnaár um Langasjó og mun nýja verkefnið byggja að hluta til á þeirri vinnu. AV mun afhenda Landsvirkjun skýrslu um niðurstöður verkefnisins í nóvember.



Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit við Ísland

Almenna verkfræðistofan og Línuhönnun vinna nú að gerð skýrslu fyrir Iðnaðarráðuneytið um staðarval fyrir þjónustumiðstöð fyrir olíuleit við Ísland.

Skýrslan á að fjalla um staðarval fyrir þjónustumiðstöð fyrir olíurannsóknir á Drekasvæðinu sem er um 250 mílur NA af Íslandi.

Undanfarin ár hafa staðið yfir rannsóknir með hljóðmælingum á þessu svæði og hafa niðurstöður þeirra mælinga verið á þann veg að ástæða þykir til að halda áfram frekari rannsóknum og að hefja tilraunaboranir.

Sumarið 2008 verður haldið áfram rannsóknum með hljóðmælingum á svæðinu en gera má ráð fyrir að tilraunaboranir gætu hafist árið 2009.

Við tilraunaboranirnar eru notuð sérstök borskip eða borþallar sem staðsett eru á rannsóknarsvæðinu. Um borð í slíkum borskipum starfa allt að 100 manns. Til þess að þjónusta þessi borskip eru notuð sérstök þjónustuskip sem sigla nokkru sinnum á viku á milli þjónustumiðstöðvar í landi og borskips. Þjónustuskipin flytja borstangir, fóðringar, sement, vistir og ýmsa efnavöru. Þá er gert ráð fyrir að þylur þjónusti einnig borskipið nokkrum sinnum í viku. Hlutverk þylranna eru aðallega flutnigur á mannskap.

Til að byrja með verður fjallað um staðarval á landsvæðinu frá Þórshöfn á Langanesi að Vopnafirði.

Fyrst um sinn er gert ráð fyrir að notast verði við þær hafnir og flugvelli sem til staðar eru á þessu svæði. Sé litið til lengri tíma og ef olía finnst í vinnanlegu magni er gert ráð fyrir að þjónustumiðstöðinni verði fundinn hagstæðari staður með tilliti til vegalengda frá borsvæðum, umhverfisþátta og fleiri atriða. Þá er hugsanlegt að byggja þurfi sérstaka höfn og jafnvel alþjóðaflugvöll sem þjóna myndi olíuvinnslu á þessu svæði.



Í Leirársveit, Sigvaldi Fjelsted verkstjóri Borgarverks ásamt Bjarna Jónssyni AV

AV Akranesi


Á skrifstofu AV á Akranesi starfa að jafnaði 7-8 starfsmenn og hefur umfang starfseminnar aukist talsvert undanfarna mánuði.

Verkefnin eru fjölbreytt og er hér aðeins stíklað á stóru.

Unnið er við framkvæmdaefirlit fyrir Vegagerðina á Hringvegi 1 við Bifröst og við endurbætur á Leirársveitarvegi. Vegagerðin, Akraneskaupstaður og Orkuveita Reykjavíkur eru í samstarfi um framkvæmdir við nýja innkeyrslu á Akranesi sem stórbæta mun aðkomu að bænum.

Á síðustu mánuðum hefur ýmislegt verið unnið fyrir Akraneskaupstað og Orkuveitu Reykjavíkur má þar nefna bæði hönnun og framkvæmdaefirlit, við nýframkvæmdir s.s. gatnagerð og endurnýjun í eldri hverfum.

Verkefnin eru víðar en á Akranesi en má þar nefna hönnun götu á Reykhólum ásamt verkefnum fyrir sveitarfélagið Borgarbyggð.



Bás Almennu á sýningunni Verk og vit 2008

Verk og vit 2008

Fjöldmenni var á opunarhátíð stórsýningarinnar Verks og vits 2008 sem haldin var í Laugardagshöll í apríl sl. Sýningin var afar fjölbreytt en sýnendur komu frá fjölmörgum sviðum atvinnulífsins.

Almenna verkfræðistofan var með bás á sýningunni og fengum við marga góða gesti í heimsókn. Við þökkum þeim sem litu við hjá okkur kærlega fyrir komuna.



Grillvagninn sá um grillveisluna á lokadegi "Hjóla" átaksins

Hjólað í vinnuna

Dagana 7. maí til 23. maí fór fram landsátakið Hjólað í vinnuna á vegum íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Starfsmenn Almennu verkfræði-

stofunnar létu sitt ekki eftir liggja, 30 starfsmenn hjóluðu eða gengu í vinnuna einhverja daga á meðan átakið fór fram. Í heildina var 1733,1 km lagður að baki á þessu tímabili, sem er rúmlega einn hringur í kringum landið. Innanhúskeppni einstaklinga fór fram samhliða átakinu, þar var keppt í eftirfarandi flokkum: mestu heildarvegalengd hjóluð, mestu heildarvegalengd sem gengin var og þátttöku. Sigurvegararnir voru Jens B. Guðjónsson sem hjólaði 316 km, Snorri P. Snorrason sem gekk 52 km og Hermann Arngrímsson sem hjólaði alla dagana sem átakið stóð yfir. Á lokadegi átaksins var slegið upp grillveislu og verðlaunaafhendingu, þar sem sigurvegararnir fengu vegleg verðlaun.

Sumarstarfsmenn

Í sumar koma til starfa þó nokkrir námsmenn en við erum svo lánsöm að fá að njóta krafta þeirra á meðan skólarnir eru í frii. Eftirtaldir starfsmenn eru nú þegar komnir:

Akranes skrifstofa: **Anna María Þráinsdóttir**, B.Sc. nemi í byggingartæknifræði við HR og **Eypór Friðriksson**, B.Sc. nemi í byggingarverkfræði við HÍ.

Verkefnastjórnunarsvið: **Birgir Eliasson** B.Sc. nemi í hátækniverkfræði við HR. **Véla- og rafmagnssvið:** **Sigurður E. Kjartansson**, nemi í vélaverkfræði - tæknilegri iðnhönnun við Tækniháskólann í Lundi í Svíþjóð. **Innra þjónustusvið:** **Hulda S. Sigurðardóttir**, framhaldsskólannemi við VÍ og á **Fjármála- og upplýsingasvið** hefur **Kristjana Gestsdóttir** verið ráðin til aðstoðar við bókhald.

NÝIR STARFSMENN



Gunnar Freyr Freysson

er B.Sc. nemi í byggingartæknifræði við Háskólann í Reykjavík. Hann mun starfa á Verkefnastjórnunarsviði.



Hreinn Sigurðsson

er B.Sc. nemi í byggingartæknifræði við Háskólann í Reykjavík. Hann mun starfa á Umferðar- og skipulagssviði.



Pétur Halldórsson

er B.Sc. nemi í byggingartæknifræði við Háskólann í Reykjavík. Hann mun starfa á Byggingasviði.



Dröfn Helgadóttir

er B.Sc. í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. Hún mun starfa á Virkjana- og samgöngusviði.



Kristinn J. Kristinsson

er B.Sc. í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Véla- og rafmagnssviði.